



HAFNARFJARDARKIRKJA

í hjarta bæjarins



Fylgstu með okkur:

Facebook, Instagram og á hafnarfjardarkirkja.is

Kæra sóknarbarn Hafnarfjarðarsóknar.

Enn á ný er farið að hausta. Skólarnir eru byrjaðir og hefðbundin rútína að komast á daglegt líf. Þetta haust er frábrugðið síðastliðnum tveimur haustum að því leytinu til að nú sjáum við fram á vetur án samkomutakmarkana. Fyrir okkur í kirkjunni hefur þetta mikil áhrif því kirkjan er í grunnin samfélag tengsla og nándar. Hún rammar inn stærstu stundir í lífi fólks, bæði í gleði og sorg og slíkar stundir gera kröfu um nána þjónustu og djúp tengsl milli þeirra sem annast þjónustuna og þeirra sem hana þygga. Við fögnum því sannarlega að geta nú horfið aftur til samvista og nándar í þjónustu við kirkjugesti og hlökkum til komandi vetrar.

Haustin hafa löngum verið sá tími þegar hugað er að forða fyrir veturinn. Bændur anda léttar þegar fé er komið heim af fjöllum og heyi hefur verið bjargað frá haustregnum. Haustið er líka sá tími sem gott er að staldra við eftir annir sumarsins og huga að andlegum forða. Hvernig stöndum við gagnvart árstíðarskiptunum sem brátt hella yfir okkur myrkri og kulda? Er okkar andlegi forði vel útbúinn fyrir veturinn? Við skulum öll hafa í huga að streita og álagskvíði eru gestir sem sjaldan gera boð á undan sér. Banka bara uppá án nokkurs fyrirvara og koma gjarnan aftan að okkur. Það er ekki sjálfgefið að við getum stjórnað utanaðkomandi áreiti og því hvernig umhverfið leikur okkur. Þess vegna er það svo mikilvægt að við þekkjum sjálf okkar mörk og kunnum að bregðast við streitunni þegar hún herjar á okkur. Uppbyggjandi aðferðir þurfa ekki að vera svo flóknar eða tímafrekar því aðeins það að hafa örlitla stund fyrir okkur sjálf, þar sem við náum að njóta augnabliksins í örskotsstund, getur haft mikilvæg áhrif. Hlustum á taktinn í andardrættinum og finnum lungun starfa. Verum dugleg að nýta okkur alla þá andlegu næringu sem í boði er í kringum okkur, hvort sem það er í kirkjunni okkar, hreyfingu af ýmsu tagi eða öðru félagsstarfi. Allt eru þetta leiðir til að byggja upp hinn andlega forða.

Í Hafnarfjarðarkirkju verður margvíslegt safnaðarstarf í boði í vetur og við hvetjum þig sem sóknarbarn að nýta þér þá þjónustu sem í boði er í þinni kirkju, endurgjaldslaust. Í vetur munum við bjóða uppá forledramorgna einusinni í mánuði, fyrirlestraröð um sorg og áföll, eldri borgarastarf, kyrrðarþænastarf, listafjör fyrir 10-12 ára börn, sunnudagaskóla, kvenfélag, barnakór, unglingakór og ungmennakór, að ógleymdri fermingarfræðslunni. Þá eru alla jafna orgeltónleikar í boði síðasta þriðjudag í mánuði. Á 2. hæð safnaðarheimilisins hefur jafnframt verið starfrækt þjónustumiðstöð fyrir innflytjendur í sumar, en það starf hefur verið afar vel sótt. Mig langar jafnframt að minna á fastan viðtalstíma okkar prestanna í Hafnarfjarðarkirkju, frá kl. 10-12 á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum í vetur en þangað eru þið öll velkomin í spjall og kaffisopa.

Með ósk um blessunarríkt og uppbyggjandi haust.

Jónína Ólafsdóttir,
sóknarprestur Hafnarfjarðarkirkju.

**Sr. Jónína Ólafsdóttir**

sóknarprestur - jonina@hafnarfjardarkirkja.is

Sr. Aldís Rut Gísladóttir

prestur - aldisrut@hafnarfjardarkirkja.is

Sr. Sighvatur Karlsson

prestur - sighvatur.karlsson@kirkjan.is

Guðmundur Sigurðsson

organisti - guðmundursig@gmail.com

Ottó R. Jónsson

staðarhaldari og kirkjuvörður - otto@hafnarfjardarkirkja.is

Bylgja Dís Gunnarsdóttir

upplýsinga- og fræðslufulltrúi - bylgja@hafnarfjardarkirkja.is

Helga Loftsdóttir

stjónandi unglunga- og ungmennakórs - helga.loftsdottir@gmail.com

Brynhildur Auðbjargardóttir

stjórnanði barnakórs - braud64@gmail.com

Einar Örn Björgvinsson

kirkjuþjónn

Hildur Hrönn Sigurðardóttir

ræstingar



Grill á fjölskylduhátíð.



Starfsfólk Hafnarfjarðarkirkju gerir sér glaðan dag.



Barbörukórinn

Barbörukórinn hefur starfað við Hafnarfjarðarkirkju síðan 2007 og hefur sinnt söng við athafnir, messur, útfarir og mörg önnur tilefni. Vegna covid hefur kórinn legið í svolitlum dvala en er að rísa upp eins og samfélagið allt. Kórinn hefur sungið við helgistundir í gegnum streymi þegar samfélagið var lokað og mætt í kirkjuna og sungið þegar það opnaði á ný. Kórinn söng Jazzmessu eftir Bob Chilcott í september (sem hafði verið á dagskrá í tæp tvö ár) og í kvöldmessu ásamt tríói Andrésar Þórs.

Kórinn hljóðritaði ný íslensk tónverk á vordögum og tók þátt í Sönghátíð í Hafnarborg í sumar þar sem Jónas Sen lofaði frammistöðu kórsins: „Stórfenglegur kórsöngur og flott tónlist,” og „Samsöngurinn var þéttur og einbeittur, og svo var bara svo falleg og einlæg tilfinning í túlkun hvers einasta lags.” Ný hljómplata kemur vonandi út í vetur og mun kórinn halda útgáfutónleika af því tilefni og því vert að fylgjast vel með því. Kórinn stefnir á aðventutónleika í upphafi aðventunnar. Verkefni vorsins eru í undirbúningi og við lofum að þau verði áhugaverð og skemmtileg.



Velkomin í Hafnarfjarðarkirkju!

18. september kl. 11
Uppskerumessa og
grænmetissala

20. nóvember kl. 11
Kyrndarmessa

18. september kl. 14
Eldmessa
í Krýsuvíkarkirkju

18. desember kl. 20
Jólabaka

19. febrúar kl. 11
Konudagsmessa

9. október kl. 11
Fjölskyldumessa

5. mars kl. 11
Æskulýðsdagur
Djóðkirkjunnar

27. nóvember kl. 11
Djóðbúningamessa

11. desember kl. 11
Aðventuhátíð og
jólaball

6. nóvember kl. 11
Allra heilagra
messa

15. janúar kl. 11
Kirkjubráll

14. maí kl. 11
Útiguðshjónusta
á Hamrinum

Tvisvar í mánuði
eru almennar
messur kl. 11
með
altarisgöngu

7. maí kl. 11
Vorhátíð
hoppukastali og
grillaðar pylsur

Sýnishorn af fjölbreyttu helgihaldi – Nánar á hafnarfjardarkirkja.is



Frá fjölskylduguðþjónustu.



Frá fermingarathöfn.

Kyrrðarbænaastundir

Miðvikudaga kl. 17:30

í Víðistaðakirkju

Hefst í október



Kyrrðarbænaastundirnar eru samstarfsverkefni milli
Hafnarfjarðarkirkju og Víðistaðakirkju

Umsjón: Bergþóra Baldursdóttir og Bylgja Dís Gunnarsdóttir

Verið öll hjartanlega velkomin

Kyrrðardagur í Hafnarfjarðarkirkju

19. nóvember kl. 09:00-15:00

11. mars kl. 09:00-15:00

Kyrrðardagar veita einstakt tækifæri til að dvelja og
endurnærast í mildi og kyrrð.

Boðið verður upp á Kyrrðarbæn, íhugun, jóga og
djúpslökun. Dagurinn mun að mestu leyti fara fram í þögn
og þar með borðhald í hádeginu.

Samverunni lýkur með Kyrrðarmessu kl. 11 daginn eftir.

Umsjón með Kyrrðardögum í Hafnarfjarðarkirkju hafa
sr. Aldís Rut Gísladóttir og Bylgja Dís Gunnarsdóttir.

Skráning fer fram á hafnarfjardarkirkja.is.



Eldriborgarasamverur Hafnarfjarðarkirkju

Stundirnar eru á þriðjudögum og hefjast með kyrrðarstund í kirkjunni kl. 12.00.

Að lokinni kyrrðarstund er gengið til léttrar hádegissamveru en að henni lokinni hefst skipulögð dagskrá í Hásölum fyrir eldriborgara. Í lok hvers mánaðar verður kyrrðarstundin í formi orgeltónleika.

Umsjón með samverunum hafa sr. Sigurður Kr. Sigurðsson og Kristín Jóhannesdóttir organisti.



Kvenfélag Hafnarfjarðarkirkju

Í Hafnarfjarðarkirkju hefur verið starfrækt öflugt kvenfélag síðan 1930. Kvenfélagið styður við kirkjuna með ýmsum hætti auk þess að hittast á fundum og skemmtikvöldum yfir vetrartímann. Kvenfélagið fagnar nýjum félagskonum. Til að fá frekari upplýsingar um starfið má hafa samband við formann kvenfélagsins Hafdísí Sverrisdóttur í síma 898 6799 eða við gjaldkera félagsins Svanhildí Guðmundsdóttur í síma 692 9206.

Síðasta vetur stóð kvenfélagið að kertasölu til styrktar líknarsjóði kirkjunnar. Einnig var haldið fjölsótt kvennakvöld við kirkjuna á vordögum þar sem fjölbreytt skemmtiatriði voru í boði í bland við happdrætti og tiskusýningu. Þá hefur kvenfélagið alltaf séð um kyrtlamátun við fermingar, gróðursetningu sumarblóma við kirkjuna og jólaskeytingar.

Kvenfélagi Hafnarfjarðarkirkju verður seint þökkuð öll sú þjónusta sem það hefur innt af hendi í gegnum tíðina.



Á hvítasunnudegi, þann 5. júní síðastliðinn var nýsmíðuð Krýsuvíkirkirkja vígð. Vinafélag Krýsuvíkirkirkju stóð fyrir byggingu kirkjunnar en öll smíði var á vegum Iðnskólans í Hafnarfirði, síðar Tækniskóla Íslands og jafnframt Þjóðminnjasafns Íslands. Sr. Kristján Valur Ingólfsson, biskup, vígði kirkjuna en sr. Hans Guðberg Alfreðsson, prófastur Kjalarnessprófastsdæmis, sr. Gunnþór Þ. Ingason, sem hafði umsjá með fyrri Krýsuvíkirkirkju sem helgidómi og sr. Jónína Ólafsdóttir, sóknarprestur Hafnarfjarðarkirkju, þjónuðu að vígslunni með biskupi. Eyjólfur Eyjólfsson og Þóra Björnsdóttir sáu um tónlistina.

Fyrri Krýsuvíkirkirkja brann í ársbyrjun 2010, en hún var byggð 1857. Sú kirkja var að falli komin um miðja síðustu öld þegar Björn Jóhannesson forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar stóð fyrir endurreisn hennar. Krýsuvíkirkirkja var endurvígð á Hvítasunnudegi 1964 eftir endurreisnina. Það var því táknrænt að vígsla nýju kirkjunnar, sem er nákvæm eftirmynd þeirrar sem byggð var 1857, hefði farið fram á Hvítasunnu. Að lokinni vígslu var boðið til kirkjukaffis í Sveinshúsi í Krýsuvík.





HÁDEGISTÓNLEIKAR Í HAFNARFJARÐARKIRKJU

HRÍFANDI ORGELTÓNLIST LEIKIN Á BÆÐI ORGEL KIRKJUNNAR

AÐGANGUR ÓKEYPIS

ÞRIÐJUDAGAR KL. 12:00-12:30

27. SEPTEMBER - MATÍAS HARÐARSON

1. NÓVEMBER - LÁRA BRYNDÍS EGGERTSDÓTTIR

29. NÓVEMBER - GUÐMUNDUR SIGURÐSSON

Áföll og sorg

Fyrirlestraröð í Hafnarfjarðarkirkju



11. október kl. 19:30

Ásgeir R. Helgason Ph.D - Sérfræðingur hjá Krabbameinsfélagi Íslands
Áfallið sem fylgir því að greinast með krabbamein



18. nóvember kl. 19:30

Ína Ólöf Sigurðardóttir - Frá Sorgarmiðstöðinni í Hafnarfirði
Sorgin og jólin



7. febrúar kl. 19:30

Sr. Jóhanna Magnúsdóttir - Prestur og ráðgjafi
Sorg í tengslum við barnsmíði

Verið hjartanlega velkomin

Fermingarafmæli

50, 60, og 70 ára

23. október kl. 11

Fermingarbörn sem fermdust í Hafnarfjarðarkirkju fyrir 50, 60 og 70 árum eru kölluð til samveru í kirkjunni. Þau sem misst hafa af samverunni síðastliðin þrjú ár vegna covid eru einnig velkomin.

Vinsamlegast skráið þátttöku fyrir 16. október.

Skráning og nánari upplýsingar hjá Ottó staðarhaldara í síma 520 5700
og otto@hafnarfjardarkirkja.is.



Fermingarfræðsla

Hafnarfjarðarkirkju

Lifandi, fjölbreytt og skemmtileg fræðsla

Fræðslan hefst á lotu í ágúst og svo er fræðsla einu sinni til tvisvar
í mánuði um veturinn.

Kennt er í litlum hópum svo allir fái að njóta sín

Leikir, gleði, hópefli og tónlist

Byggjum upp jákvæða sjálfsmynd, traust og góð tengsl

Ferðalag í Vatnaskóg

Heill dagur af fjöri og gleði

Ungmennakór í Hafnarfjarðarkirkju

Nýr kór var stofnaður fyrir 16-30 ára ungmenni í Hafnarfjarðarkirkju þann 18. ágúst síðastliðinn.

Kórinn er fyrir þau sem finnst gaman að syngja krefjandi tónlist í góðum hóp.

Kórinn tekur þátt í ýmsum spennandi viðburðum innan kirkjunnar sem utan hennar og verður lagavalið því mjög fjölbreytt.

Nánara skipulag t.d. um nafn á kórinn, lagaval og skemmtileg uppbrot verður unnið í samstarfi við kórfélaga.

Nýi kórinn er í samstarfi við Flensborgarskóla og fá nemendur skólans ástundun sína í kórarstarfinu metna til eininga.

Æfingar fara fram í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju á fimmtudögum kl. 17:30-19:00.

Skráning og allar nánari upplýsingar er hægt að fá hjá kórstjóranum Helgu Loftsdóttur í síma 695 9584 eða á netfanginu helga.loftsdottir@gmail.com



Foreldramorgnar Hafnarfjarðarkirkju

Umsjón: Sr. Aldís Rut Gísladóttir



Einu sinni í mánuði verður samvera á fimmtudögum kl. 10-12 fyrir foreldra og ung börn þeirra í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju. Boðið verður upp á fyrirlestra sem og opið hús, góða samveru, létt spjall og veitingar.

1. september: Opið hús

3. nóvember: Opið hús

6. október:
Sr. Jónína Ólafsdóttir
- Væntingar við fæðingu

1. desember:
Sr. Aldís Rut Gísladóttir
- Hugræn byrði og jólin



Frá göngumessu s.l. sumar.



Get together er verkefni fyrir flóttafólk og hælisleitendur sem fer fram í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju.



Barna- og unglingakórastarf Hafnarfjarðarkirkju

Falleg samvera í tónlist ásamt faglegri leiðsögn í söng og tónlistarflutningi

Framundan er m.a. jóla- og vortónleikar, náttfatpartý, pizzuveislur, óvissuferðir og fleira.

Sungið í guðsþjónustum nokkrum sinnum á önn.

Tækifæri til að syngja með fleiri kórum bæjarins og valinkunnum tónlistarmönnum.

Unglingakór kirkjunnar fer reglulega í söngferðir bæði innanlands sem utan.



Kórstýrur ásamt Sölu Sól
sem söng með kórnum í fyrra

Barnakórinn 1.-5. bekkur

Æfingar: Fimmtudögum kl. 17:00 – 18:00

Kórstjóri: Brynhildur Auðbjargardóttir –

braud64@hotmail.com – 867 77 98

Skráning: hafnarfjardarkirkja.is

Unglingakórinn 5.-10. bekkur

Æfing einu sinni í viku

Kórstjóri: Helga Loftsdóttir –

helga.loftsdottir@gmail.com – 695 9584

Skráning: hafnarfjardarkirkja.is